



Stjórn SSH 404. fundur

Mánudaginn 11. Ágúst 2014 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, og Ármann Kr. Ólafsson.

Forföll: Haraldur Sverrisson og Guðný Ívarsdóttir

Ennfremur sat fundinn Rósa Guðbjartsdóttir formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar og framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna - eigendafundir.

Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sat fundinn undir þessum dagskrárlið. Fyrir lágu tillögur að forsendublöðum vegna ákvörðunar eigendafunda byggðasamlaganna um meginforsendur við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2015.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að leggja til við eigendafund að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna SORPU bs. og Strætó bs. verði byggðar á fyrirbyggjandi tillögum, og að boðað verði til eigendafundar í samræmi við ákvæði í eigendastefnu hinn 1. september nk.

2. Sóknaráætlun 2013 – Svæðisskipulag – Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu ofangreindra verkefna:

Sóknaráætlun 2013: Verkefnavinnu er lokið og unnið er að lokafrágangi verkefnaskýrslna og samantektar á niðurstöðum og tillögum verkefnaflokka. Reiknað er með að þessari vinnu ljúki á næstu 1 – 2 vikum. Jafnframt liggja fyrir mótaðar verkefnatillögur vegna sóknaráætlunar 2014 sem lagðar verða fyrir stýrihóp sóknaráætlana næstu daga.

Nýtt svæðisskipulag hb.svæðisins: Fullmótuð tillaga fráfarandi svæðisskipulagsnefndar hefur verið kynnt fyrir nýrri svæðisskipulagsnefnd sem væntanlega afgreiðir tillöguna til aðildarsveitarfélaganna í þessum mánuði.

Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins: Tillaga stýrihóps hefur verið send aðildarsveitarfélögunum og heilbrigðisnefndum til umfjöllunar og reiknað með að þeirri umfjöllun ljúki fyrir lok ágústmánaðar, í framhaldi fer tillagan til formlegrar auglýsingar.

Niðurstaða:

Í tengslum við ofangreinda yfirferð lá fyrir minnisblað svæðisskipulagsstjóra um framgang og verklok vegna afgreiðslu nýs svæðisskipulags, sem og verkefni og vinnu eftir staðfestingu svæðisskipulagsins. Með vísun í minnisblaðið samþykkir stjórn að ráðningarsamningur svæðisskipulagsstjóra verði framlengdur um 6 mánuði.

3. Aðalfundur SSH 2014

Samþykkt að aðalfundur SSH 2014 verði haldinn á Seltjarnarnesi föstudaginn 24. október nk. og meginþema fundarins verði „Samskipti ríkis og sveitarfélaga“

4. Samstarfssamningur um þjónustu við fatlað fólk.

Fyrir lá starfsskýrsla samráðshóps um þjónustu við fatlað fólk fyrir árið 2013, ásamt bréfi formanns hópsins þar sem bent er á að samningurinn og umboð hópsins rennur út um nk. áramót. Lagt er til að samningurinn og umboð hópsins verði framlengt þar til lokið er endurskoðun vegna tilfærslu á málefnum fatlaðs fólks til sveitarfélaganna sem áformað er að ljúki fyrir árslok 2015.

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að leggja til við aðildarsveitarfélögin að samningurinn verði framlengdur til ársloka 2015.

5. Önnur mál.

- a) SORPA bs., erindi framkvæmdastjóra frá 5. júní 2014 v. stöðu framkvæmda í Álfsnesi, sbr. ákvæði í eigendasamkomulagi frá 25. október 2013.
Erindi lagt fram. Framkvæmdastjóri benti á að skipa þurfi nýja fulltrúa í stýrihóp vegna framkvæmdanna. Málið verður afgreitt á næsta stjórnarfundum.
- b) Sjálfsbjörg, erindi frá 14.07.2014 vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.
Lagt fram, og vísað til samráðshóps v. ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk
- c) Reykjavíkurborg, velferðarsvið, erindi frá 15. júlí 2014, ósk um samstarf aðildarsveitarfélaganna vegna málefna utangarðsfólks á höfuðborgarsvæðinu.
- vísað til samráðshóps félagsmálastjóra.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55